

HAFNARFJARÐARBÆR



www.hafnarfjordur.is



6. fundur Starfshóps um Ásvelli, haldinn á Ásvöllum, þann 30. október 2018, kl. 17:00.

Viðstaddir voru.

Starfshópur.

Kristinn Andersen, formaður
Anna Karen Svövudóttir
Jón Garðar Snædal Jónsson
Samúel Guðmundsson
Ágúst Sindri Karlsson

Með starfshópnum starfa:

Sigurður Haraldsson	Sviðsstjóri umhverfis- og skipulagsþjónustu
Geir Bjarnason	Íþróttá- og tómstundarfulltrúi
Rósa Steingrimsdóttir	Sviðsstjóri fjármálasviðs
Magnús Gunnarsson	Framkvæmdastjóri Hauka

Eftirfarandi var tekið fyrir.

1. Húsrýmisáætlun – farið yfir stærðir knatthús og aðstöðuhúss

Farið var yfir drög að minnispunktum frá Kristni Andersen, vegna uppbyggingar á Ásvöllum. Stærð knatthúss var ákvörðuð 80-120 m. Eftirfarandi var rætt:

- Stálgrindarþak byggt á steiptum útveggjum, sbr. Fífuna í Kópavogi og knatthús í Reykjanesbæ.
- Hitun í lofti, en ekki í gólfi (sbr. Reykjanesbæ en ekki Fífunni). Betri loftgæði, en ath. kostnað við uppsetningu og rekstur, svo og rými sem búnaðurinn þarf í húsinu.
- Gervigrasvöllur í fullri stærð fyrir (keppni).
- Gerviefni /hlaupabraut kringum völlinn, 3-föld eftir annarri langhliðinni en 1-föld annars staðar. Er að hluta sem öryggissvæði.
- Viðbótarrými í öðrum enda fyrir upphitun.
- Lýsing með LED ljósum, reynt verði einnig að fá dagsbirtu inn í húsið.
- Unnt verði að koma fyrir tjöldum/ netum til að skipta vellinum upp fyrir æfingar.
- Bekkir fyrir áhorfendur og aðstaða fyrir foreldra á æfingum.
- Huga þarf að aðstöðu fyrir búningsklefa, salerni, þjálfara o.fl. Spurning hvort nýta megí mannvirki sem nú þegar eru til staðar, a.m.k. í fyrsta áfanga.

2. Kostnaðaráætlun

Rætt um vinnu vegna kostnaðaráætlunar og stefnt er á að leggja hana fram á næsta fundi starfshópsins, sem verður 13. nóvember.

Sigurður Haraldsson

3. Önnur mál

Rætt var um hvort að aðstöðuhús við knattús ætti að vera næst á dagskrá eftir þeirri byggingu eða hvort að byggja ætti stúku við aðalvöll, með búningsklefum ofl.

Kristinn Andersen formaður stafshópsins ætlar að kynna starf nefndarinnar í bæjarráði og óska eftir framlengdum skilátíma á niðurstöðu nefndarinnar

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 18:30

Næsti fundur verður að Ásvöllum 13. nóvember október kl. 16:00.